

ATHUGUN Á RÉTTARSTÖÐU  
HEYRNARLAUSRA VEGNA ÁLYKTUNAR  
ALÞINGIS UM STÖÐU ÍSLENSKA  
TÁKNMÁLSINS

**Mars 2000**  
**Menntamálaráðuneytið**

## Efnisyfirlit

<i>Efnisyfirlit</i>	2
<i>1. Almenn t um viðfangsefnið</i>	3
<i>2. Réttarstaða heyrnarlausra á Íslandi</i>	3
2.1 Stjórnarskráin og mannréttindasáttmálar	3
- Hrd. frá 4. febrúar 1999	4
- Hrd. frá 6.maí 1999	4
2.2 Almenn lög um réttarstöðu heyrnarlausra	5
<i>3. Réttarstaða heyrnarlausra á Norðurlöndum</i>	10
3.1 Finnland	10
3.2 Svíþjóð	10
3.3 Noregur	11
3.4 Danmörk	13
<i>4. Samanburður á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum</i>	14
<i>5. Leiðir og markmið til að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins</i>	15

## 1. Almennt um viðfangsefnið

Hinn 11. mars 1999 var samþykkt ályktun á Alþingi um að menntamálaráðherra yrði falið að gera athugun á réttarstöðu heyrnalausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnalausra í nágrannalöndunum, með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins. Í nefndaráli menntamálanefndar sem fylgdi tillögu hennar til framangreindrar þingsályktunar kom meðal annars fram, að athuga yrði hvort rétt væri að festa það í lög að táknmálið yrði móturmál heyrnalausra eða hvort hægt væri að tryggja réttarstöðu heyrnalausra á annan hátt. Í samræmi við orðalag ályktunar Alþingis og athugasemda menntamálanefndar sem henni fylgdu, leit menntamálaráðuneytið svo á að verkefni þess væri tvíþætt. Annars vegar að taka saman yfirlit yfir núverandi réttarstöðu heyrnalausra hér á landi og afla síðan upplýsinga um núverandi réttarstöðu heyrnalausra annars staðar á Norðurlöndum. Jafnframt yrði réttarstaða heyrnalausra í þessum löndum borin saman og að endingu yrði bent á leiðir sem mögulegar væru til að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins.

Við gerð þessarar greinargerðar óskaði menntamálaráðuneytið eftir því við utanríkisráðuneytið að það hlutaðist til um að afla upplýsinga frá sendiráðum Íslands á Norðurlöndum um réttarstöðu heyrnalausra í viðkomandi löndum. Upplýsingar bárust menntamálaráðuneytinu frá Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og síðast frá Danmörku hinn 20. desember sl. Þá var aflað gagna frá Félagi heyrnalausra hér á landi vegna þessarar greinargerðar.

## 2. Réttarstaða heyrnalausra á Íslandi

Við athugun á réttarstöðu heyrnalausra hér á landi var höfð hliðsjón af ákvæðum stjórnarskrárinnar, laga og einstakra lagaákvæða, auk þess sem skoðaðir voru mannréttindasáttmálar sem Ísland hefur fullgilt eða veitt lagagildi hér á landi. Verður nú nánar gerð grein fyrir réttarstöðu heyrnalausra skv. framansögðu.

### 2.1 Stjórnarskráin og mannréttindasáttmálar

Í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er einkum að finna eitt ákvæði eða reglu sem telja má að skipti meira máli en önnur ákvæði stjórnarskrárinnar þegar fjallað er um réttarstöðu heyrnalausra hér á landi. Um er að ræða jafnræðisregluna í 65. gr. sem bætt var við mannréttindakafli stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Fram til þess tíma var reglan ekki orðuð sérstaklega í stjórnarskránni, en þó var litið svo á að hún væri óskráð grundvallarregla og einn af hornsteinum íslenskrar stjórnskipunar. Jafnræðisreglan hljóðar svo að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Þó að reglan fjalli ekki sérstaklega um réttarstöðu heyrnalausra, hefur hún á undanförunum árum haft áhrif hér á landi bæði á réttarstöðu heyrnalausra og annarra sem fatlaðir eru.

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar sækir fyrirmynd sína einkum til 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu frá 1950 og 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966. Í 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu er kveðið á um að réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningnum, skuli tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis,

kynþáttar, litarháttar, tungu, túarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, sambands við þjóðernisminnihluta, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Í 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórn mála- eða annarra aðstæðna. Í 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórn mála- eða annarra aðstæðna. Lög skuli því í þessu skyni banna hvers konar mismunun og ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúarbragða, stjórn mála- skoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna.

Mannréttindasáttmáli Evrópu hlaut lagagildi hér á landi með lögum nr. 62/1994, en Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórn mála- eða annarra aðstæðna. Sá samningur hefur ekki hlotið lagagildi hér á landi, en Ísland er skuldbundið til að fara eftir honum að þjóðarétti, en í því felst að íslenska ríkið skuli jafnan leitast við að túlka landslög sín í samræmi við þjóðarétt en ekki í andstöðu við hann.

Á síðasta ári gengu tveir dómur Hæstaréttar sem báðir vörðuðu réttarstöðu fatlaðra með hliðsjón af ákvæðum mannréttindasáttmála og jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og skulu þeir nú báðir stuttlega reifaðir hér.

#### **- Hrd. frá 4. febrúar 1999**

*Dómurinn varðaði nemanda sem hóf nám í Háskóla Íslands 1990 en hvarf frá því 1994. Hélt nemandinn því fram að hann hefði ekki fengið þá aðstoð og aðstöðu sem fötlun hans krafðist, en nemandinn var blindur. Taldi Hæstiréttur að Háskólanum hefði borið skylda til að taka við nemandanum og gera almennar ráðstafanir sem fylgdu námi svo fatlaðs nemanda við skólann, til þess að hann fengi notið þeirrar þjónustu er almennir stúdentar nytu, við þá deild skólans sem nemandinn kaus sér. Var þetta talið byggjast á lögum 41/1983 (eldri lög um málefni fatlaðra) og 59/1992 um málefni fatlaðra, Mannréttindasáttmála Evrópu og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Taldi Hæstiréttur að þrátt fyrir að komið hefði verið til móts við ýmsar óskir nemandans um undanþágur og aðstoð vegna fötlunar hans, hefði skort á að gerðar hefðu verið almennar ráðstafanir eða heildarstefna mótuð um námsaðstoð við nemandann, námsframvindu, aðstoð í prófum og próftíma, sem hann gæti gengið að. Þessi skortur á almennum fyrirmælum hefði bæði leitt til þess að ýmislegt hefði farið úrskeiðis í viðleitni skólans til að mæta þörfum nemandans og að hann hefði sjálfur þurft að ganga eftir eðlilegum tilhliðrunum. Talið var að í þessu fælist meingerð gegn persónu nemandans og frelsi hans til menntunar og honum dæmdar bætur á grundvelli 26. gr. laga nr. 50/1993.*

#### **- Hrd. frá 6. maí 1999**

*Félag heyrnarlausra og B kröfðust þess að Ríkisútvarpinu yrði gert skylt að láta túlka á táknmáli framboðsumræður í sjónvarpi, kvöldið fyrir*

*kosningar til Alþingis, um leið og þær færu fram. Talið var að það væri óaðskiljanlegur þáttur kosningarréttar, sem verndaður væri í III. kafla stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 3. gr. I. viðauka Mannréttindasáttmála Evrópu, að sá sem réttarins nyti hefði tækifæri til að kynna sér þau atriði sem kosið væri um. Ljóst þótti að það væri í samræmi við lögákveðið hlutverk Ríkisútvarpsins samkvæmt 15. gr. útvarpslaga nr. 68/1985 að það kynnti frambjóðendur og stefnumál þeirra fyrir kosningar til Alþingis. Bæri Ríkisútvarpinu ótvírætt að gæta jafnræðis þegar það sinni þessu hlutverki sínu og lyti sú skylda ekki aðeins að frambjóðendum og þeim stjórnsmálaöflum sem í hlut ættu, heldur einnig að þeim sem útsendingum væri beint til. Ætti því Ríkisútvarpið að haga gerð og útsendingu framboðsumræðna þannig að aðgengilegt væri heyrnarlausum, sbr. einnig 7. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Þótt játa bæri Ríkisútvarpinu verulegu svigrúmi við tilhögun dagskrár og útsendinga yrðu þær ákvarðanir, sem röskuðu þeim skyldum og réttindum, sem mælt væri fyrir um í 15. gr. útvarpslaga og 7. gr. laga um málefni fatlaðra, að styðjast við gild málefnaleg rök. Þótti Ríkisútvarpið ekki hafa fært fram nægilega gild og málefnaleg rök til að réttlæta þá mismunum sem fólst í ákvörðun þess, en fyrir lá að tæknilega var vel framkvæmanlegt að hafa þann háttinn á sem krafist var. Einnig var litið til þess að skammur tími var á milli útsendingar og upphafs kjörfundar. Þóttu Félag heyrnarlausra og B eiga rétt á því að kröfur þeirra yrðu teknar til greina við þessar aðstæður.*

Ekki verður lagt mat á það hér hversu víðtækt fordæmisgildi framangreindir dómur hafa en vafalaust hafa þeir verulega þýðingu fyrir mat á réttarstöðu fatlaðra í framtíðinni. Þá sýna dómarnir að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og ákvæði mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að og/eða hefur lögfest, geta skipt verulegu máli fyrir réttarstöðu heyrnarlausra og réttindabaráttu þeirra.

## **2.2 Almenn lög um réttarstöðu heyrnarlausra**

Hér á landi eru tvenn lög sem varða sérstaklega réttarstöðu heyrnarlausra. Það eru lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 129/1990 og lög um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands nr. 35/1980. Þá er í lögum á mismundandi réttarsviðum að finna ýmis lagaákvæði sem varða heyrnarlausra sérstaklega. Síðast en ekki síst er ítarlega fjallað um réttarstöðu heyrnarlausra í aðalnámskrám fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, en þessar námskrár byggja á þeim lögum sem um hvert skólastig gilda. Verður nú nánar gerð grein fyrir framangreindum lögum og lagaákvæðum.

### **2.2.1 Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra nr. 129/1990**

Lög nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra tóku gildi í upphafi árs 1991 og er markmið þeirra sbr. 1. gr. að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Kemur fram í 2. gr. laganna að hlutverk Samskiptamiðstöðvar sé að annast rannsóknir á íslensku táknmáli, kennslu táknmáls, táknmálstúlkun og aðra þjónustu, auk þess sem henni er ætlað að hafa samstarf við svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

### **2.2.2 Lög um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands nr. 35/1980**

Lög um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands nr. 35/1980 kveða á um í 1. gr. að ríkið starfræki stofnun sem nefnist Heyrnar- og talmeinstöð Íslands. Í 4. gr. laganna er fjallað um hlutverk stofnunarinnar og segir þar meðal annars að hún skuli annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t.d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Skal stofnunin annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Þá kemur jafnframt fram í lagaákvæðinu að stofnunin skuli hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknum, í samráði við aðra aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

### **2.2.3 Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992**

Í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 segir í 1. gr. að markmið þeirra sé að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Rétt samkvæmt lögnum á sá sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Þar er meðal annars átt við sjón- og heyrnarskerðingu. Í 2. gr. laganna segir að sá eigi rétt á þjónustu samkvæmt lögnum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér sé átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Ennfremur geti fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum. Í 7. gr. laganna segir að fatlaðir skuli eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skuli hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum þessum.

### **2.2.4 Lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997**

Í lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga er meðal annars fjallað um upplýsingar og samþykki sjúklinga. Í 5. gr. laganna er fjallað um upplýsingar um heilsufar og meðferð, þar sem fram kemur réttur sjúklinga til upplýsinga í því sambandi. Þar segir meðal annars að eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skal honum tryggð túlkun á upplýsingum samkvæmt þessari grein.

### **2.2.5 Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997**

Í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 er í 44. gr. sérstaklega fjallað um sérþjónustu presta. Segir þar að verði almennri prestþjónustu ekki komið við, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skuli kalla til presta sem að jafnaði hafi sérmenntun til starfans.

### **2.2.6 Lög um meðferð einkamála nr. 91/1999**

Í 4. mgr. 10. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 segir að ef maður, sem eigi að gefa skýrslu fyrir dómi, sé ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skuli aðilinn sem hlutist til um skýrslugjöfina kalla til kunnáttumann til aðstoðar.

### **2.2.7 Stjórnsýslulög nr. 37/1993**

Í 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er fjallað um leiðbeiningarskyldu stjórnvalda og þar segir að stjórnvald skuli veita þeim sem til þess leiti nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Ekki er sérstaklega fjallað í umræddu lagaákvæði um rétt heyrnarlausra til leiðbeininga á táknmáli, en með hliðsjón af jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 3. gr. laga nr. 97/1995 sem fjallað var um hér að framan, verður að telja að heyrnarlausir eigi rétt á viðhlítandi leiðbeiningum stjórnvalda sem taka mið af fötlun þeirra skv. 7. gr. stjórnsýslulaganna. Að minnsta kosti sé þessi réttur fyrir hendi í þeim tilvikum þar sem um er að ræða stjórnsýslumál sem hafa verulega persónulega þýðingu fyrir hinn heyrnarlaus einstakling og fyrir liggja að ekki sé unnt að gæta leiðbeiningarskyldunnar með öðrum hætti en til dæmis með táknmálstúlkun. Ekki sé til dæmis unnt að uppfylla leiðbeiningarskylduna með skriflegum hætti. Hér skal þó settur sá fyrirvari að um skyldu stjórnvalda til leiðbeininga skv. stjórnsýslulögum hefur ekki reynt á rétt heyrnarlausra til að fá leiðbeiningar frá stjórnvöldum á táknmáli fyrir dómstólum og því er ekki við nein dómafordæmi að styðjast. Því er enn sem komið er um tiltekna réttaróvissu að ræða varðandi skyldu stjórnvalda til að uppfylla leiðbeiningarskyldu sína á táknmáli.

### **2.2.8 Lög á sviði menntamála**

Á sviði menntamála hafa á undanförunum árum verið samþykkt ný lög fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólstigið. Á grundvelli þessara laga hafa verið settar sérstakar aðalnámskrár, þar sem í fyrsta skipti hefur sérstaklega verið tekið mið af mikilvægi táknmálsins fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta. Var það gert í samræmi við skýra afstöðu löggjafans við afgreiðslu á nýjum grunnskólalögum á 118. löggjafarþingi, en í álit meirihluta menntamálanefndar við meðferð grunnskólafrumvarpsins sagði orðrétt:

*"Við umfjöllun um frumvarpið lögðu fulltrúar Heyrnleysingjaskólans, Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra og kennsluráðgjafar Menntaskólans við Hamrahlíð áherslu á að táknmál heyrnarlausra yrði viðurkennt sem þeirra móðurmál og að heyrnarlausum yrði í samræmi við það tryggð kennsla á táknmáli. Meirihlutinn telur að þetta atriði eigi heima í aðalnámskrá sem hefur ígildi reglugerðar. Meirihlutinn vill í því sambandi sérstaklega benda á að í 2. mgr. 29. gr., sem fjallar um námskrárgerð, segir að við setningu*

*aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skuli þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms. Þá segir einnig í 3. mgr. 29 gr. að markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun, m.a. vegna fötlunar. Meirihlutinn telur ástæðu til að við næstu endurskoðun aðalnámskrár verði sérstaklega hugað að því hvort viðurkenna beri táknmál heyrnarlausra sem móðurmál þeirra."*

### **2.2.8.1 Lög um grunnskóla nr. 66/1995**

Í 2. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995 segir meðal annars að grunnskólinn skuli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Þá segir í 3. – 5. mgr. 29. gr. sömu laga að við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skuli þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms, sbr. 2. gr. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar. Í öllu skólastarfi skuli tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda.

Í samræmi við framangreind ákvæði grunnskólalaganna hafa verið sett ný ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla, sem tóku gildi á síðasta ári, um sérstaka íslenskukennslu fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta nemendur og táknmálskennslu fyrir heyrnarlausra. Falla markmið íslenskukennslu heyrnarlausra og táknmálskennslu fatlaðra undir námssvið íslensku í grunnskóla. Þannig eru í aðalnámskránni kröfur um að skólar bjóði heyrnarlausum börnum að læra og þroskast á eigin forsendum til að þau geti tileinkað sér íslensku. Segir þar að táknmál hafi grundvallarþýðingu fyrir þroska máls, persónuleika og hugsunar heyrnarlausra nemenda og að hjá heyrnarlausum sé táknmálið mikilvægasta uppspretta þekkingar og leið til að taka þátt í íslenskri menningu og menningu heyrnarlausra. Táknmálið hafi mikla þýðingu fyrir alla vinnu í skólanum og fyrir líf og starf nemenda. Jafnframt segir í aðalnámskránni að sérstök íslenskukennsla fyrir heyrnarlausra þurfi að taka mið af stöðu nemenda almennt í námi og mállegum og menningarlegum bakgrunni þeirra. Af þeim ástæðum sé eðlilegt að þessir nemendur eigi þess kost að fá undanþágu frá því að stunda tilteknar námsgreinar, undanþágur frá því að taka samræmd próf og möguleika á frávikum frá prófreglum. Í aðalnámskrá grunnskóla um íslenskukennslu, er sérstaklega fjallað um táknmál fyrir heyrnarlausra. Þar er auk almennra atriða fjallað um nám og kennslu, námsmat, lokamarkmið í táknmáli og áfangamarkmið í táknmáli við lok 4., 7. og 10. bekkjar, auk þrepamarkmiða í táknmáli fyrir 1. - 10. bekk.

### **2.2.8.2 Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996**

Í lögum um framhaldsskóla nr. 80/1996 er í 2. gr. fjallað um hlutverk framhaldsskólans. Þar segir að hlutverk hans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Í 20. gr. laganna segir að nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eigi rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Segir þar jafnframt að í reglugerð skuli kveðið nánar á um rétt þessara nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu. Einnig skuli í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarlausra nemenda til sérstakrar íslenskukennslu. Á grundvelli þessa lagaákvæðis hefur menntamálaráðherra sett reglugerð nr. 329/1997 um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum. Segir í 1. gr. reglugerðarinnar



að meðal annarra eigi heyrnarlausir nemendur og heyrandi börn heyrnarlausra foreldra rétt á sérstakri kennslu í íslensku.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla sem tók gildi á síðasta ári segir í almenna hluta hennar, þar sem fjallað er um hlutverk og markmið framhaldsskóla, að varðandi skólagöngu fatlaðra nemenda skuli skólar leitast við að gera þeim kleift að stunda nám með öðrum eftir því sem kostur er. Skuli fatlaðir nemendur því eiga þess kost að nýta sér það nám sem er í boði á almennum námsbrautum skólans með þeirri aðstoð sem þeir þurfa og skólar geta veitt en einnig skal boðið upp á nám á sérstökum námsbrautum þar sem kennsla og viðfangefni miðast við fötlun þeirra. Í aðalnámskrá framhaldsskóla um íslenskukennslu, er sérstakur kafli um íslenskt táknmál fyrir heyrnarlausra og íslensku fyrir heyrnarlausra. Sérstök lokamarkmið eru sett fyrir nám í íslensku táknmáli fyrir heyrnarlausra en lokamarkmið fyrir íslenskunám heyrnarlausra eru að mestu leyti þau sömu og lokamarkmið í almennri íslenskukennslu. Kveður aðalnámskráin á um kennslu í táknmáli sem miði að því að nemendur þroski mál sitt þannig að þeir fái sterka sjálfsmýnd og skýran skilning á sjálfum sér og stöðu sinni sem heyrnarlausir einstaklingar í heyrandi íslensku meirihlutasamfélagi. Kennslan eigi að stuðla að þroska þeirra sem tvítýngdra einstaklinga með táknmál sem fyrsta mál og íslenskt ritmál sem annað mál. Í þessum hluta aðalnámskrárinnar er síðan gerð grein fyrir námi og kennslu, skipan náms, námsmati og lokamarkmiðum. Sérstaklega er gerð grein fyrir áfangamarkmiði og hverjum áfanga. Um er að ræða námsáfanga í málfræði og sögu heyrnarlausra I, í málfræði og sögu heyrnarlausra II, í bókmenntum og setningarfræði, í frásögnum og sköpun, í þýðingum og þróun táknforðans og að síðustu er valáfangi í leiklist.

### **2.2.8.3 Lög um leikskóla nr. 78/1994**

Í lögum um leikskóla nr. 78/1994 er í VI. kafla, 15. – 17. gr., fjallað um rétt leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, auk ráðgjafarþjónustu. Í 15. gr. segir að börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eigi rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga. Þá segir í 17. gr. að leikskólar skuli þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum.

Í aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi á síðasta ári og sett var á grundvelli 4. gr. laga um leikskóla er í sérstökum kafla fjallað um sérþarfir barna. Segir þar að börn hafi mismunandi getu, reynslu og þroska. Þau hafi þörf fyrir samneyti við önnur börn, jafnt jafnaldra sína sem eldri og yngri börn. Leikskólinn eigi að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Taka beri sérstakt tillit til barns sem á einhvern hátt sé fatlað eða með tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika. Það þurfi að njóta sérstakrar aðstoðar til að vega upp á móti þeirri hömlun sem fötlunin setji því. Sama gildi um heyrnarlaust og heyrnar-skert, blint og sjónskert barn. Sérhvert barn þurfi að fást við viðfangsefni við sitt hæfi. Gæta þurfi þess að barn einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum og njóti eðlilegra félagslegra tengsla. Styrkja beri sjálfsmýnd barnsins. Barn hafi þörf fyrir að vinna sigur, það sem á við fötlun, hömlun eða veikindi að stríða jafnt sem heilbrigt barn. Einnig segir í aðalnámskránni að barn sem búi við langvarandi veikindi skuli njóta dvalar í leikskóla eftir því sem heilsa þess og kraftar leyfi. Félagsskapur og þátttaka í leik og starfi sé því nauðsynlegur, það dragi úr kvíða barnsins og hjálpi því í erfiðleikum þess. Því skuli sýna sérstaka alúð og nærfærni því að oft sé þrek þess og úthald skert. Leiðsögn og stuðningur skuli taka mið af þörfum hvers barns og vera í nánú samráði við foreldra. Ýmiss konar atburðir og erfiðleikar í lífi barns geti orðið því

þungbærir og haft djúp áhrif á hegðun þess og líðan. Leikskólinn skuli hjálpa barninu við að vinna bug á ótta sínum og öryggisleysi.

### 3. Réttarstaða heyrnarlausra á Norðurlöndum

Hafa ber í huga að eftirfarandi upplýsingar og efnistöð um réttarstöðu heyrnarlausra á Norðurlöndum eru mismunandi frá hverju landi landi fyrir sig og ráðast af þeim gögnum sem menntamálaráðuneytinu bárust frá viðkomandi löndum. Ýmist vörðuðu þessi gögn eingöngu stöðu menntunarmála á meðan önnur vörðuðu réttarstöðu heyrnarlausra almennt í viðkomandi landi.

#### 3.1 Finnland

Hvað varðar réttarstöðu heyrnarlausra á Norðurlöndum, sérstaklega með tilliti til stöðu táknmáls heyrnarlausra, þá hafa Finnar nokkra sérstöðu meðal annarra Norðurlandþjóða. Felst sú sérstaða í því að á árinu 1995 var réttur heyrnarlausra til notkunar táknmáls bundinn í 14. gr. stjórnarskrárinnar finnsku og var Finnland fyrsta aðildarríki Evrópusambandsins til að ná þeim áfanga. Í 14. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið nánar á um það að réttur þeirra, sem nota táknmál og þeirra sem þurfa á sérstakri túlkun eða þýðingu að halda vegna fötlunar, skal tryggður í lögum.

Í kjölfar stjórnarskrárbindingar táknmálsins settu finnsk stjórnvöld á laggirnar vinnuhóp á árinu 1996 sem meðal annars var falið að móta tillögur um breytingar á löggjöf. Í framhaldi af því hafa verið gerðar margvíslegar breytingar á finnskri löggjöf er miða að því að tryggja stöðu táknmálsins og auðvelda möguleika heyrnarlausra og aðstandenda þeirra til þjálfunar í táknmáli og til að nýta sér það í námi og starfi. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að auka framboð á námskeiðum í táknmáli, gera slíkt nám jafnréttátt og annað tungumálanám og að fjölga skólum þar sem boðið er upp á kennslu í táknmáli. Vinnuhópurinn hefur í sérstakri skýrslu lagt megináherslu á nokkur meginatriði til að tryggja réttarstöðu þeirra sem nota táknmál, þ.e. að byrjað sé sem fyrst að kenna börnum táknmál, tryggja verði greiðan aðgang til kennslu táknmáls í skólum, efla þurfi rannsóknir og menntun á sviði táknmáls, bæta aðgang að túlkabjónustu og aðgang að upplýsingum fyrir heyrnarlausra.

Samhliða bættri réttarstöðu hafa hagsmunasamtök heyrnarlausra í Finnlandi eflst og láta þau nú meira til sín taka í almennri réttindabaráttu. Þá hafa Finnar beitt sér mjög innan vébanda Evrópusambandsins í hagsmunabaráttu heyrnarlausra og eru þar í fararbroddi.

#### 3.2 Svíþjóð

Sérstök rannsóknardeild um táknmál var sett á stofn við málvísindastofnun í Stokkhólmsháskóla árið 1972. Stofnun þeirrar deildar var mikilvægt skref í þá átt að táknmálið öðlaðist almenna viðurkenningu í Svíþjóð. Árið 1981 samþykkti sænska þingið lög sem kváðu á um að tryggja þyrfti tvítyngi heyrnarlausra til að tryggja bæði samskiptahæfni þeirra innbyrðis og samskiptahæfni þeirra út á við í samfélaginu. Til að tryggja tvítyngi heyrnarlausra þurfa þeir að hafa gott vald bæði á sænsku táknmáli og sænsku þjóðtungunni og því eiga heyrnarlausir rétt á fullnægjandi þjálfun og kennslu í hvoru tveggja. Þá geta heyrandi námsmenn í Svíþjóð valið sænska táknmálið sem annað eða þriðja erlenda málið í skólum.

Um 200 heyrnarskert börn fæðast í Svíþjóð á ári hverju. Samfélagið er skuldbundið til þess að hjálpa foreldrum heyrnarskertra barna á mismunandi hátt, t.d. með textasíma og öðrum tæknilegum hjálpartækjum og með sérhæfðum leik- og grunnskóla.

Almennt er miðað við að heyrnarlaus börn fari í almennan skóla. Í raun og veru fer þó stöðugt stærri hópur barna í sérskóla fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta. Slíkir skólar eru alls 5 talsins í Svíþjóð.

Hvað snertir menntun foreldra og fjölskyldur heyrnarskertra barna og aðgang þeirra að upplýsingum, þá er aðstoð við foreldra og upplýsingar til þeirra þeim að kostnaðarlausu. Foreldrar eiga rétt á jöfnu aðgengi að slíkum upplýsingum hvar sem er í Svíþjóð. Táknmálsmenntun á að vera í boði fyrir alla í fjölskyldunni meðan heyrnarskerta barnið gengur í leiksóla eða grunnskóla. Upplýsa á foreldra heyrnarskertra barna um hvers konar skólar bjóðast heyrnarskertum.

Heyrnarpróf eru lögð fyrir öll 4ra ára börn í Svíþjóð og dagskrárefni í sjónvarpi og kvikmyndir eru oft textaðar fyrir heyrnarskert börn. Í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla eiga heyrnarskertir nemendur að hafa aðgang bæði að heyrnarskertum og heyrandi starfsmönnum sem hafa tök að táknmáli. Heyrnarskertir eiga að fá þá hjálp sem þeir þurfa, ef þeir ganga í almenna skóla eða að minnsta kosti þá hjálp sem gerir þeim kleift að tileinka sér þá kennslu sem í boði er.

Enn sem komið er öðlast tiltölulega fáir heyrnarskertir framhaldsmenntun í háskólum eða einhvers konar framhaldsskólum. Oft vantar tæknibúnað til þess að gera þeim kleift að heyra og það er mjög erfitt að fá aðgang að táknmálstúlkun.

Konverskollegiet í Svíþjóð sér um löggildingu á túlkun og sú löggilding varir í fimm ár og getur einungis endurnýjast eftir sérstakt hæfnipróf og túlkar þurfa að uppfylla tiltekin skilyrði hvað varðar kunnáttu í málinu, túlkunarhæfileika og þekkingu á samfélaginu. Enn sem komið er njóta táknmálstúlkar ekki löggildingar. Samkvæmt upplýsingum Sambands heyrnarskertra í Svíþjóð er það lögbundin skylda landsþinganna, sem eru þing í hverju léni í Svíþjóð, að skipuleggja, fjármagna og bjóða túlkapjónustu. Þessi túlkapjónusta á að vera veitt af menntuðum túlkum, hún á að vera aðgengileg og ekki of kostnaðarsöm fyrir einstaklingana. Samband heyrnarskertra í Svíþjóð hefur krafist þess að heyrnarskertir fái lögbundinn rétt til túlkunar í öllum tilvikum og að táknmálstúlkar verði löggiltir. Táknmálstúlkar eigi að vera sérmenntaðir og sjá til þess að þörfum heyrnarskertra til túlkunar vegna alþjóðlegra samskipta sé mætt. Þá hefur samband heyrnarskertra krafist þess að starfsfólk leikskóla og grunnskóla hafi kunnáttu í táknmáli.

### **3.3 Noregur**

Skv. upplýsingum frá félags- og heilbrigðisráðuneyti Noregs er réttarstaða heyrnarlausra og heyrnarskertra í Noregi almennt hin sama og annarra íbúa landsins. Til að tryggja réttarstöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra er til dæmis kveðið á um það í löggjöf fyrir grunn- og framhaldsskóla að heyrnarlausir og heyrnarskertir eigi rétt á kennslu í táknmáli og á táknmáli.

Í almannatryggingalöggjöf eru lagaákvæði sem ætlað er að tryggja þátttöku heyrnarlausra og heyrnarskertra í daglegu lífi, og þá með því að ríkið greiði kostnað vegna túlkajónustu. Þannig eiga heyrnarlausir rétt til túlkajónustu í allt að 60 klst. á ári, foreldrar heyrnarlausra barna á skólaskyldualdri eiga rétt til slíkrar þjónustu í allt að 100 klst. á ári án tillits til fjölda barna og einnig eiga daufblindir rétt til túlkajónustu eða leiðsagnar í allt að 500 klst. á ári. Mismunandi er hversu vel þessi þjónusta er nýtt, fyrir suma er þessi þjónusta of lítil en aðrir nýta sér hana ekki að fullu. Nauðsyn á þessari þjónustu er einstaklingsbundin og fer eftir því hversu einstaklingarnir taka mikinn þátt í samfélaginu.

Vegna atvinnuþátttöku eiga heyrnarlausir notendur tákmarks skv. almannatryggingalögum rétt á túlkajónustu í allt að 30 klst. á mánuði og daufblindir eiga rétt á slíkri þjónustu í allt að 60 klst. á mánuði. Þessi þjónusta skal tengjast vinnustað tákmarksnotandans og skal hún staðfest af vinnuveitanda. Þeir sem starfa sjálfstætt eiga sama rétt. Þessi réttindi (frá 1. janúar 1992) hafa leitt til betra vinnuumhverfis fyrir heyrnarskerta og daufblinda og auðveldað þeim aðgang að upplýsingum og möguleikum á þátttöku á fundum og endurmenntun á viðkomandi vinnustað. Fyrir flesta er þessi tímafjöldi nægilegur.

Varðandi heilbrigðisþjónustu tryggir almannatryggingalöggjöfin heyrnarlausum og heyrnarskertum rétt til túlkajónustu án sérstakra takmarkana. Er þá átt við lækniþjónustu, þjónustu á heilsustofnunum, vegna göngudeildarannsóknar, vegna starfsemi fjölskylduráðgjafar o.fl. Hins vegar veitir löggjöfin ekki rétt til slíkrar þjónustu vegna tannlækninga. Þá nær almannatryggingalöggjöfin ekki til þess þegar um er að ræða sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrahús eða hjúkrunarheimili. Þegar einstaklingar eru lagðir inn á slíkar stofnanir ber viðkomandi stofnun að standa straum af kostnaði vegna túlkajónustu.

Almannatryggingalög tryggja rétt til túlkajónustu vegna kirkjulegra athafna svo sem við skírn, fermingu, hjónavígslu og jarðarfarir sem varða hinn heyrnarlausa, vegna fjölskyldu hans eða náinna vina. Túlkajónustan nær einungis til eiginlegra kirkjuathafna og takmarkast útgjöld vegna þessarar þjónustu við allt að kr. 2000 norskar.

Varðandi túlkajónustu í skólum fyrir heyrnarlausa nemendur þá ber viðkomandi sveitarfélagi að greiða fyrir nauðsynlega túlkajónustu fyrir nemanda í leik- og grunnskóla. Einnig greiðir heimafylki fyrir túlkajónustu í framhaldsskólum óháð aldri nemanda. Þegar í hlut eiga heyrnarlausir eða daufblindir foreldrar heyrandi barns í skóla, hefur verið gengið út frá því að hver leikskóli eða grunnskóli skuli sjá um að greiða fyrir túlkajónustu þegar um er að ræða fundi sem skylt er að halda með foreldrum í tengslum við samstarf heimila og skóla. Hér er átt við foreldrafundi sem skipulagðir eru af skóla og foreldrasamtöl sem venjulega eru tvisvar hvert skólaár. Hins vegar hefur verið gengið út frá því að þegar foreldrar telja nauðsyn á frekari samskiptum við leikskóla eða grunnskóla verði viðkomandi skólar ekki látnir greiða fyrir túlkajónustu. Ekki er beinlínis í lögum eða reglum kveðið á um framangreint fyrirkomulag, en með hliðsjón af skólalöggjöf og stjórnsýslulögum má telja að þetta fyrirkomulag gildi.

Hvað varðar túlkajónustu í samskiptum við opinbera stjórnsýslu, þá kveða stjórnsýslulög á um upplýsinga- og leiðbeiningarskyldu stjórnvalda í einstökum málum á hverju stjórnsýslustigi, t.d. varðandi málsmeðferð. Þegar málsmeðferð kallar á bein samskipti við heyrnarlausan einstakling eða daufblindan, verður viðkomandi stjórnsýsluaðili að útvega og bera kostnað af túlkajónustu.

Við dómstólameðferð í einkamálum er í réttarfarslögum kveðið á um að ríkið skuli útvega túlkajónustu þegar aðili máls, vitni eða sérfræðingur sem kemur fyrir dóm á við tal- eða heyrnarhömlun að etja.

### 3.4 Danmörk

Eftirfarandi upplýsingar um réttarstöðu heyrnarlausra í Danmörku komu frá félagsmálaráðuneytinu, en einnig eru þær byggðar á upplýsingum frá öðrum ráðuneytum.

Samkvæmt félagslegri löggjöf í Danmörku geta yfirvöld félagsmála veitt túlkajónustu fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta. Um er að ræða heimildir til að kosta nauðsynlega framfærslu fyrir einstaklinga með verulega og varanlega líkamlega fötlun. Jafnframt er að finna heimildir í lögum til að úrskurða örorkugreiðslur til einstaklinga, sem vegna alvarlegs heyrnarskaða eiga erfitt með samskipti og geta þeir með slíkum greiðslum staðið straum af kostnaði við túlkajónustu.

Ekki er lögfest í félagslegri löggjöf í Danmörku sérstakt ákvæði um að viss hluti af útgjöldum vegna túlkajónustu skuli greiðast úr eigin vasa. Annaðhvort stendur hið opinbera straum af slíkum útgjöldum að fullu eða að viðkomandi einstaklingur neyðist til að standa straum af kostnaði við túlkajónustu sjálfur.

Útgöld vegna túlkajónustu falla undir grundvallarregluna um ábyrgð viðkomandi sviðs eða stjórnvalds. Samkvæmt þeirri reglu hvílir sú skylda á viðkomandi stjórnvaldi eða stofnun sem í hlut á, að sjá til þess að sú þjónusta sem veitt er, sé aðgengileg fyrir fatlaða, þ.m.t. að sjá heyrnarlausum fyrir túlkajónustu, að svo miklu leyti sem slík þjónusta er nauðsynleg.

Félagsmálaráðuneytið leitaði til ráðuneyta menntamála, atvinnumála, heilbrigðismála, innanríkismála, rannsókna, menningarmála, dómsmála og kirkjumála, til að komast að því hvernig komið er til móts við nauðsyn á túlkajónustu innan viðkomandi ráðuneyta.

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisráðuneytinu er ekki að finna heimild í sjúkdómatryggingalögum til að greiða fyrir túlkajónustu til heyrnarlausra í tengslum við læknishjálp. Hins vegar er ömtunum í Danmörku skylt að veita ókeypis þjónustu innan sjúkrahúsa skv. sjúkrahúslögum og innan þeirra eiga menn rétt á ókeypis túlkajónustu.

Innanríkisráðuneytið greindi frá því að þegar skrifstofa flóttamannanefndarinnar, útlendinga- eftirlitið eða stjórnýsluumdæmi (ömtin) hafa tekið á móti beiðnum um túlkajónustu frá heyrnarlausum, er fyrst kannað hvort mögulegt sé að viðkomandi aðili geti sjálfur útvegað túlkajónustu. Sé það ekki mögulegt útvegar viðkomandi stofnun slíka þjónustu og greiðir kostnaðinn við hana.

Í rannsóknarráðuneytinu er engin fastmótuð framkvæmd varðandi túlkajónustu fyrir heyrnarlausra.

Menningarmálaráðuneytið greindi frá því að sveitarfélög fylgja ráðgjöf menntamálaráðuneytisins um stuðning við upplýsingagjöf til almennings og veita sérstaka styrki til fatlaðra vegna þess, og

ná slíkir styrkir til túlkajónustu. Jafnframt veita hagsmunasamtök heyrnarlausra sjálf styrki til túlkajónustu sem á árinu 1997 voru í kringum kr. 56.000.- danskar.

Frá dómsmálaráðuneytinu fengust þær upplýsingar að um túlkajónustu innan þeirra málaflokka sem undir ráðuneytið heyrir er fjallað í réttarfarslögum. Einnig hefur ráðuneytið sett sérstakar reglur er varða viðtöl við og hlustun á heyrnarlausu, heyrnarskerta, daufblinda og mállausa, og jafnframt sett sérstakar reglur um greiðslu kostnaðar vegna túlkajónustu. Fjárveitingar vegna túlkajónustu koma frá dómsmálaráðuneytinu.

Kirkjumálaráðuneytið greindi frá því að í landinu öllu starfi samtals 6 prestar fyrir heyrnarlausu sem fara í gegnum sérstaka menntun í táknmáli hjá miðstöð fyrir táknmál og táknmálsaðstoð, en þessi kennsla er á vegum Prestaskólans í Lögumkloster. Einnig útvega einstaka sóknaneindir nauðsynlega túlkajónustu.

Frá atvinnumálaráðuneytinu fengust þær upplýsingar að reglur um túlkajónustu séu í lögum um bætur til fatlaðra vegna atvinnu nr. 293/1998 og í auglýsingu nr. 298/1998 sem fjallar um atvinnu fatlaðra. Skv. 15. gr. auglýsingarinnar er unnt að veita styrk vegna túlkajónustu allt að 20 klst. að meðaltali hverja viku fyrir launþega eða sjálfstæðan atvinnurekanda, sem vinnur 37 klst. á viku.

Menntamálaráðuneytið upplýsti að nær öll kennsla fyrir heyrnarlaus börn fari fram á táknmáli og það sé hlutverk hvers skóla að veita börnum túlkajónustu. Kennsla í táknmáli heldur síðan áfram í framhaldsskólum. Varðandi menntum á æðri skólastigum er nemendum að jafnaði bent á að sækja um styrk vegna túlkajónustu hjá stjórnvöldum á sviði félagsþjónustu en nú stendur yfir vinna við að þróa tillögur sem hafi það að markmiði að skýra ábyrgðarsvið varðandi túlkajónustu.

#### **4. Samanburður á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum**

Þegar borin er saman réttarstaða heyrnarlausra hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum er einkum tvennt sem rétt er að skoða. Annars vegar eru það þeir þættir sem snerta með hvaða hætti er unnið að því að styrkja stöðu táknmálsins sem tjáningarforms fyrir heyrnarlausu og er þá fyrst og fremst átt við kennslu í táknmáli, auk eflingar túlkajónustu og rannsókna á táknmáli. Hins vegar eru það möguleikar heyrnarlausra til að tjá sig í samfélaginu með það að markmiði að þeir geti notið þeirra réttinda sem öllum borgurum á að vera tryggður. Í því felst réttur heyrnarlausra til að nota táknmál í samskiptum við aðra í samfélaginu og með hvaða hætti sá réttur sé tryggður, meðal annars með tilliti til kostnaðar sem því fylgir. Hér blandast einnig inn í réttur heyrnarlausra til að njóta alls þess sem hvert samfélag hefur upp á að bjóða í menningu, menntun og öðru því sem þeir vilja njóta í samfélaginu.

Eftir þeim upplýsingum sem ráðuneytinu hafa borist virðist sem að réttarstaða heyrnarlausra sé svipuð á Norðurlöndum hvað varðar rétt til túlkajónustu í samskiptum við hið opinbera. Það sama má segja um rétt til túlkajónustu fyrir dómstólum. Á sviði heilbrigðismála er heyrnarlausum í flestum löndunum tryggður réttur til táknaþjónustu inni á sjúkrahúsinum. Hvað varðar menntamálin þá er í öllum löndunum kennt táknaþjónu í grunn- og framhaldsskólum og virðist sem að á þeim vettvangi hafi þörfum heyrnarlausra verið svarað hvað best. Lögð er

áhersla á að fjölga þeim sem annast geta túlkajónustu til að svara þeirri eftirspurn sem er á slíkri þjónustu. Þá er mismunandi hvernig kostnaðarþættinum við túlkajónustu er skipt milli viðkomandi ríkis og þess heyrnarlausra.

Segja má að Finnar hafi sérstöðu gagnvart öðrum Norðurlandajjóðum með því að á árinu 1995 var réttur til notkunar tákn máls bundinn í stjórnarskrá. Telja Finnar að með því hafi staða tákn málsins styrkst verulega. Með því að binda notkun þess í stjórnarskrá er stjórnvöldum gert skylt að gera ráðstafanir til að tryggja þeim sem nota tákn máls heyrnarlausra möguleika til að nota sitt eigið tungumál og með því skapa eigin menningu. Stjórnvöldum er því skylt að taka tillit til tákn máls heyrnarlausra við mótun hvers kyns löggjafar. Líklegt má telja að ástæða þess að tákn málinu hefur verið sköpuð sérstök réttarstaða í stjórnarskrá Finna helgist meðal annars af því að Finnar eru vanir því að þurfa að taka tilliti til fleiri tungumála en eins. Þjóðtungur Finna skv. stjórnarskránni eru tvær, sænska og finnska, en einnig er t.d. Sömum og tungumáli þeirra tryggð ákveðinn réttarstaða í stjórnarskránni.

Hinar Norðurlandajjóðirnar hafa ekki farið sömu leið og Finnar gagnvart tákn málinu, þ.e. að marka tákn málinu sérstaka réttarstöðu í stjórnarskrá. Í Svíþjóð var farin sú leið að lögbinda tvítyngi heyrnarlausra, en í Noregi, Danmörku og á Íslandi hefur verið leitast við að efla menntun á sviði tákn máls fyrir heyrnarlausra, bæði með því að efla kennslu fyrir heyrnarlausra og einnig með því efla túlkajónustu til að nauðsynlegur mannaflí sé til staðar til að sinna slíkri þjónustu. Auk þess er í ýmsum lögum og lagaákvæðum þessara þjóða tekið á kostnaðarþætti sem tengist túlkajónustu, t.d. að því er tengist rétti heyrnarlausra til aðgangs að félagslegri þjónustu.

## **5. Leiðir og markmið til að tryggja sem best stöðu íslenska tákn málsins**

Á Íslandi hefur á sviði menntamála verið tekið mikilvægt skref í þá átt að efla stöðu íslensks tákn máls heyrnarlausra innan skólakerfisins og efla þannig félagslega stöðu þeirra í samfélaginu. Í aðalnámskrám grunn- og framhaldsskóla er heyrnarlausum tryggður réttur til að öðlast menntun í tákn máli heyrnarlausra, tekið er tillit til sérþarfa þeirra í því sambandi og með því hefur verið lagður grunnur að því að tryggja heyrnarlausum möguleika á því að nota það tjáningarform sem þeir þurfa á að halda til að geta tekið þátt í samfélaginu á sem flestum sviðum. Til að þessi grunnur geti nýst heyrnarlausum sem best er nauðsynlegt að fjölga sérfræðingum sem hafa kunnáttu til að kenna tákn máls, til að þjónusta slíkra sérfræðinga geti verið sem víðast í skólakerfinu og í sem flestum landshlutum.

Nauðsynlegt er að huga að möguleikum á þróun nýrrar tækni í upplýsingasamfélaginu til hagsbóta fyrir heyrnarlausra þannig að sú tækni geti nýst heyrnarlausum sem best á sem flestum sviðum. Slík tækni getur einnig auðveldað þeim að njóta alls þess sem boðið er upp á í menningu og annarri afþreyingu. Hér er t.d. átt við tæknimöguleika sem tengjast móttöku sjónvarpsefnis á tákn máli sem nýtist heyrnarlausum sérstaklega og samskiptatækni á sviðið símamála og fjar-skipta. Þá þarf stöðugt að hafa í huga möguleika veraldarvefsins til að aðstoða heyrnarlausra, en segja má að möguleikar hans séu í raun óendanlegir, bæði í tengslum við upplýsingagjöf, menntun og menningu, auk hvers konar afþreyingar fyrir heyrnarlausra.

Mikilvægt er að huga að kostnaðarþætti við túlkajónustu hér á landi og taka ákvörðun um það með hvaða hætti ríkisvaldinu beri að standa straum af kostnaði við slíka þjónustu. Hér er um að

ræða atriði sem snerta bæði ríkið og stofnanir þess, en ekki síður starfsemi sveitarfélaga. Þáttur sveitarfélaga er mjög mikilvægur í þessu sambandi og augljóst að marka þarf reglur um kostnaðarþátttöku hins opinbera vegna táknmálstúlkunar í samráði við sveitarfélögin í landinu.

Að síðustu skal hér nefnt mikilvægi þess að styrkja notkun táknmálsins til að efla atvinnuþátttöku heyrnarlausra og möguleika þeirra til aukinnar starfsþjálfunar og endurmenntunar. Öllum er ljóst að reglubundin starfsþjálfun og endurmenntun er orðin mjög mikilvægur þáttur í allri atvinnuþátttöku hér á landi. Efla mætti túlkapjónustu til heyrnarlausra á sviði atvinnumála í þessu sambandi og ákveða með hvaða hætti atvinnulífið, ríkisvaldið og sveitarfélög skuli standa straum af kostnaði vegna slíkrar þjónustu til hagsbóta fyrir heyrnarlausra.

Öll þau atriði sem hér að framan hafa verið nefnd eru til þess fallin að styrkja réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi. Hér er lögð áhersla á að vænlegast er að unnið sé að þessum málum þannig að staða íslenska táknmálsins sem tjáningarforms heyrnarlausra styrkist innan frá ef svo má segja. Með því er átt við að mikilvægast sé að efla menntun heyrnarlausra og þeirra sem ætlað er að kenna heyrnarlausum, leggja grunninn að öflugri túlkapjónustu og tryggja að heyrnarlausir fái notið slíkrar þjónustu á sem flestum sviðum. Grunnur hefur þegar verið lagður að því er varðar menntun heyrnarlausra með skýrum ákvæðum í aðalnámskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla. Hvort nauðsynlegt sé að viðurkenna táknmál heyrnarlausra sem móðurmál þeirra með lögum til að ná framangreindum markmiðum er álitamál og reyndar má segja að slík lagasetning sé haldlítill ef lagaumhverfið í heild sinni tryggir ekki heyrnarlausum rétt til að nota táknmál sem tjáningarform. Önnur leið væri sú að gera nauðsynlegar lagabreytingar í einstökum lögum sem snerta rétt og möguleika heyrnarlausra til notkunar táknmálsins. Með slíkum lagabreytingum yrði þá lögð áhersla á að styrkja réttarstöðu íslenska táknmálsins og notenda þess eftir því sem nauðsynlegt væri talið.